

**Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna  
á Suðurlandi.**

**II. Gagnagrunnur Raunvísindastofnunar,  
Hafrannsóknastofnunar og  
Vatnamælinga Orkustofnunar**

Sigurður R. Gíslason<sup>1</sup>, Jón Ólafsson<sup>2</sup>, Árni Snorrason<sup>3</sup>,  
Ingvi Gunnarsson<sup>1</sup> og Snorri Zóphóniasson<sup>3</sup>

RH-20-98

address:

<sup>1</sup> Raunvísindastofnun Háskólans, Dunhaga 3, 107 Reykjavík

<sup>2</sup> Háskóli Íslands og Hafrannsóknarstofnun, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

<sup>3</sup> Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

desember 1998

## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	4
Tilgangur	4
Vísindalegt gildi	4
Fyrri efna-, rennslis- og aurburðarrannsóknir á Suðurlandi	4
Rannsóknir 1996-1998	5
AÐFERÐIR .....	6
Rennsli og sýnataka	6
Meðhöndlun sýna	6
Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu að lokinni söfnun	7
Reikningar á efnaframburði	9
NÍÐURSTÖÐUR MÆLINGA .....	9
Sýnataka og efnamæling	9
Hleðslujafnvægi og hlutfallsleg skekkja í mælingum	11
Framburður straumvatnanna á Suðurlandi	12
ÞAKKARORÐ .....	12
HEIMILDIR .....	13

TÖFLUR .....	16
Tafla 1. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Brúará við Efstadal	17
Tafla 2. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Hvítá við Brúarhlöð	19
Tafla 3. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Sog við Þrastarlund	21
Tafla 4. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Tungufljót við Faxa	23
Tafla 5. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Ytri Rangá ofan Árbæjarfoss	25
Tafla 6. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Þjórsá við Urriðafoss	27
Tafla 7. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Þjórsá við Sandafell	29
Tafla 8. Efnasamsetning, rennsli og aurburður. Ölfusá við Selfoss	31
Tafla 9. Meðalefnasamsetning straumvatna á Suðurlandi	33
Tafla 10. Efnasamsetning straumvatna á Suðurlandi. Styrkur snefilefna sem greind voru í nokkrum sýnum	34
Tafla 11. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja milli mælinga	35
Tafla 12. Jónajafnvægi og hlutfallsleg skekkja	36
Tafla 13. Framburður straumvatna á Suðurlandi	38
Tafla 14. Styrkur Hg, sem mældur var á Orkustofnun, í sýnum sem safnað var á 0,5 lítra glerflöskur frá 8. september 1997 og endað 27 febrúar 1998	40

## INNGANGUR

### Tilgangur

Tilgangurinn með þeim rannsóknum sem hér er greint frá er að skilgreina rennsli og styrk uppleystra og fastra efna í völdum straumvötnum á Suðurlandi. Leggja mat á magn uppleystra efna sem berst með straumvötnunum til sjávar og meta hvort efnasamsetning ána hafi breyst frá árunum 1972 og 1973.

Verkefnið er unnið vegna alþjóðlegra skuldbinding Íslendinga um takmörkun á mengandi efnum sem berst frá landi til sjávar („The Oslo and Paris Comissions 1995”) og er kostað af Umhverfissráðuneytinu, Hollustuvernd (AMSUM), Raunvísindastofnun, Orkustofnun, Hafrannsóknastofnun og Landsvirkjun.

Þessi skýrsla er áfangaskýrsla, fyrst of fremst ætluð til þess að gera grein fyrir aðferðum og niðurstöðum mælinga sem þegar hafa verið gerðar. Fullgreining næringarsalta  $P_{total}$  og  $N_{total}$  og brennisteinssamsætna verður skilað fyrir 1. maí, 1999 og túlkun gagnanna bíður síðari tíma.

### Vísindalegt gildi

Rannsóknin er framlag Íslendinga í alþjóðlega gagnabanka um uppleyst og föst efni sem berast af landi til sjávar. Auk þess hefur rannsóknin víðtækt vísindalegt gildi, ekki síst vegna þess hve margir þættir eru athugaðir samtímis. Hægt er að leggja mat á efnahvarfaveðrun bergs á sunnanverðu hálendi Íslands og Suðurlandi og á upptöku koltvíoxíðs samfara efnahvarfaveðrun og rofi. Enn fremur er hægt að meta myndun lífræns efnis í jarðvegi og hugsanleg áhrif virkjana á upptöku koltvíoxíðs. Áhrif byggðar, landbúnaðar, og iðnaðar á efnasamsetningu straumvatnanna verða einnig könnuð. Þetta er gerlegt þar sem sýni eru tekin við hálendisbrúnina ofan byggðar á Suðurlandi og niður við þjóðveg 1. Enn fremur verður rannsakað hvort og hvernig efnasamsetning straumvatnanna hefur breyst frá 1972-1973.

### Fyrri efna-, rennslis- og aurburðarrannsóknir á Suðurlandi

Mjög viðamikil rannsókn var gerð á straumvötnum á Suður- og Vesturlandi á árunum 1970 til 1974 (Halldór Ármannsson 1970, 1971; Halldór Ármannsson o.fl. 1973, Sigurjón Rist 1974, 1986). Í rannsókninni, sem fór fram á Suðurlandi 1972 og 1973 (Halldór Ármannsson o.fl. 1973, Sigurjón Rist 1974), voru sýni til efnarannsókna tekin mánaðarlega og rennsli og aurburður mældur samtímis sýnatöku. Uppleyst aðalefni, pH, leiðni, næringarsölt og gerlar voru mæld í öllum sýnunum. Þessi gagnagrunnur ásamt fjölda annarra gagna m.a. um efnasamsetningu úrkomu og berggrunns var túlkaður af Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1996).

Nokkur gögn eru til um snefilefni í vötnum á Suðurlandi (Jón Ólafsson 1992, Sigurður R. Gíslason o.fl. 1992, Stefán Arnórsson og Auður Andrésdóttir 1995, Ingibjörg E. Björnsdóttir 1996, Sigurður R. Gíslason o.fl. 1996, Louvat, 1997). Samsætur ýmissa efna í straumvatni á Suðurlandi hafa verið mældar af Braga Árnasyni (1976), Torsander (1986), Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1992), og Stefáni Arnórssyni o.fl. (1993). Áhrifa Heklugosa á efnasamsetningu úrkomu, árvatns og grunnvatns hefur verið lýst af Guðmundi Kjartansyni (1957), Níelsi Óskarssyni (1980), og Sigurði R. Gíslasyni o.fl. (1992). Styrkur ýmissa efna í íslenskri úrkomu hefur verið kannaður allt frá árinu 1958 að Rjúpnahæð við Reykjavík, Vegatungu á Suðurlandi, við Írafoss í Sogi, í Reykjavík, og á Stórhöfða í Vestmannaeyjum (Veðráttan, 1958 til 1980, Jóhanna M. Thorlacius 1997). Efnasamsetningu úrkomu, straumvatns og grunnvatns á vatnasviði ána á Suðurlandi hefur verið lýst, túlkuð, og borin saman við meðalefnasamsetningu ómengarðra straumvatna á meginlöndunum í fjölda rannsókna (Ario 1985, Sigurður R. Gíslason 1989, 1990, 1993; Sigurður R. Gíslason og Stefán Arnórsson 1988, 1990, 1993, Meybeck 1979, 1982, Martin og Meybeck, 1979, Martin og Withfield, 1983). Geysilega viðamikil gögn eru til um aurburð í sunnlenskum straumvötnum og um heildarmagn uppleystra efna í ánum (Svanur Pálsson og Guðmundur H. Vigfússon 1996).

### **Rannsóknir 1996-1998**

Þann 22. október 1996 hófu Raunvísindastofnun, Orkustofnun og Hafrannsóknastofnun í samstarfi við Hollustuvernd efnavöktun straumvatna á Suðurlandi. Sýni voru tekin úr Ölfusá af brú á Selfossi, Þjórsá af brú á Þjóðvegi 1, Ytri - Rangá ofan við Árbæjarfoss, Þjórsá af brú við Sandafell, Hvítá af brú við Brúarhlöð, Tungufljót af brú við Faxe og Brúará af brú við Efstadal. Sog við Þrastarlund bættist við að ósk Landsvirkjunar 3. apríl 1998. Rennsli ána er mælt samtímis sýnatökunni. Sýni hafa síðan verið tekin úr ánum á mánaðarfresti í 24 mánuði. Sýnatöku lauk 6. október 1998. Þessi rannsókn svipar til rannsóknarinnar sem gerð var á árunum 1972-1973 á Suðurlandi (Halldór Ármannsson o.fl. 1973, Sigurjón Rist 1974). Ekki voru þó taldir gerlar í sýnum í núverandi rannsókn, en nú bætast við greiningar á fjölda snefilefna, heildarmagni uppleystra næringarsalta,  $P_{total}$  og  $N_{total}$ , uppleystu lífrænu kolefni, DOC („dissolved organic carbon”) og lífrænu efni í aurburði, POC („particular organic carbon”), sem ekki voru mæld 1972-1973.

Eftirfarandi þættir voru alltaf mældir í núverandi rannsókn: Rennsli, aurburður, hitastig, pH, leiðni, basavirkni („alkalinity”), og uppleystu efnin; Na, K, Ca, Mg, Si, Cl, F,  $SO_4$ , Al, Fe, Mn, Ti, Sr,  $NO_3$ ,  $NO_2$ ,  $NH_4$ ,  $PO_4$ ,  $N_{tot}$ ,  $P_{tot}$ , Hg, Cu, Zn, og Cd. Styrkur snefilefnanna V, Be, Li, U, Sn og Sb mældur í nokkrum sýnum og DOC og POC var mælt frá og með 3.

apríl 1998.

## ADFERÐIR

Hér verður aðferðum við sýnatöku og efnagreiningar lýst ítarlega. Þetta er gert til þess að auðvelda mat á gæðum niðurstaðna.

### Rennsli og sýnataka

Sýni til aurburðar og efnarannsóknna voru tekin nærri síritandi vatnshæðarmælum Vatnamælinga Orkustofnunar. Gengið var úr skugga um að mælir mældi vatnshæð þegar sýni voru tekin. Vensl vatnshæðar og rennslis á hverjum stað, svokallaður rennslislykill, var síðar nýttur til þess að reikna rennslið. Vensl vatnshæðar og rennslis voru könnuð reglulega af Vatnamælingum Orkustofnunar með beinum mælingum á rennsli. Sýni til efnarannsóknna voru tekin af brú úr meginál ána með plastfötu og hellt í 20 l brúsa. Áður höfðu fatan og brúsinn verið þvegin vandlega með árvatninu. Hitastig árvatnsins var mælt með „thermistor mæli“ og var hitaneminn látin síga ofan af brú niður í meginál ána. Sýni til aurburðarrannsóknna voru tekin með sérstökum sýnataka úr meginál ána þannig að sýnið endurspegladi aurburð frá yfirborði til botns í ánni. Aurburðarsýnið sem tekið var til mælinga á lífrænum aurburði (POC) var safnað með sama hætti og fyrir ólífrænan aurburð. Það var ávallt tekið eftir að búið var að taka sýni fyrir ólífrænan aurburð. Sýninu var safnað í sýrupvegnar aurburðarflöskur sem höfðu verið þvegnar í 4 klst í 1 N HCl sýru fyrir sýnatöku. Flöskurnar voru merktar að utan en ekki sett pappírsmarki inn í flöskuhálsinn eins og tíðkast fyrir ólífrænan aurburð.

### Meðhöndlun sýna

Sýnin voru meðhöndluð strax á sýnatökustað. Vatnið var síað í gegnum sellulósa asetat síu með 0,2 µm porustærð. Þvermál síu var 142 mm, síuhaldarinn var úr pólyprópýlen fyrri hluta rannsóknartímans en frá og með 8. september 1997 var 142 mm Sartorius síuhaldari úr tefloni notaður. Sýninu var þrýst í gegnum síuna með peristaltik dælu. Slöngur voru úr sílikoni. Síur, síuhaldari og slöngur voru þvegnar með því að pumpa a.m.k. einum lítra af árvatni í gegnum síubúnaðinn og lofti var hleypt af síuhaldara með þar til gerðum loftventli. Áður en sýninu var safnað voru sýnaflöskurnar þvegnar þrisvar sinnum hver með síuðu árvatni.

Fyrst var vatn sem ætlað var til mælinga á reikulum efnum; pH, leiðni og basavirkni, síað í tvær dökkar 275 millilítra glerflöskur og tvær dökkar 60 millilítra glerflöskur. Næst var síað á 0,5 l glerflösku til kvikasílfursmælinga (byrjað 8. september 1997 og endað 27 febrúar 1998). Í hana var bætt 5 ml af fullsterkri saltpétursýru og 10 ml af permanganati. Þá var síað á eins

lítra pólýethelýn flösku til snefilefnamælinga en í hana var bætt tveimur millilítrum af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru. Síðan var vatn síað í fjórar 190 ml pólýethelýn flöskur. Sú fyrsta var ætluð til mælinga á styrk anjóna, önnur fyrir aðalefna- og snefilefnagreiningu. Í þá flösku var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru. Sú þriðja var ætluð til mælinga á ólífrænum uppleystum næringarsöltum og var hún fryst eftir að hún var fyllt. Loks var sú fjórða ætluð til mæling á heildarmagni næringarsalta, lífrænna og ólífrænna ( $P_{tot}$  og  $N_{tot}$ ) en hún var sýrð með 0,4 ml af brennisteinssýru og loks fryst.

Söfnun næringarsalta var breytt í júlí 1997. Þá var síuðu árvatni safnað á sex 20 ml „high density” pólýethelýn flöskur. Eina flösku fyrir hverja mælingu ( $NO_3$ ,  $NO_2$ ,  $NH_4$ ,  $PO_4$ ,  $N_{tot}$  og  $P_{tot}$ ). Þessi sýni voru ekki sýrð heldur geymd í kæli söfnunardaginn en fryst í lok söfnunarleiðangurs.

Þann 6. nóvember 1997 var hætt að safna í eins lítra flöskur til snefilefnagreininga. Þess í stað var safnað í 100 ml „high density” pólýethelýn sýrupvegna flösku til snefilefnagreininga. Þessi flaska var sýrupvegin í Luleå, af rannsóknaraðilanum SGAB sem annaðist snefilefnagreiningarnar og stundum aðalefnagreiningar. Út í þessa flösku var bætt einum millilítra af fullsterkri hreinsaðri saltpéturssýru.

Þann 29. janúar 1998 var byrjað að taka sýni til mælinga á lífrænu kolefni, uppleystu og í föstu formi (DOC og POC). Aurburðarflöskurnar sem settar voru í aurburðartakann fyrir söfnun á POC voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru áður en farið var í söfnunarleiðngur. Sýni til mælinga á DOC var síað eins og önnur vatnssýni en í lok síunar á hverjum sýnatökusta. Það var síað í 30 ml sýrupvegna „low density” pólýethelýn flösku. Þessi sýni voru sýrð með 0,4 ml af 1,2 N HCl og geymd í kæli þar til þau voru send með hraðpósti til Svíþjóðar þar sem þau voru greind. Allar flöskur og sprautur sem komu í snertingu við sýnin fyrir POC og DOC voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl sýru.

Frá og með 30. september 1998 voru sýni síuð í eins lítra „high density” pólýethelýn flösku til mælinga á stöðugum samsætum brennisteins.

### **Efnagreiningar og meðhöndlun sýna á rannsóknarstofu að lokinni söfnun**

Efnagreiningar voru gerðar á Raunvísindastofnun, Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun, „Svensk Grundämnesanalys AB” í Luleå í Svíþjóð og við Stokkhólmsháskóla. Niðurstöður þeirra greininga sem búið er að framkvæma eru sýndar í Töflu 1 til 8, Töflu 10 og 14., Næmi og samkvæmni mælinga er gefið í Töflu 11. Basavirkni („alkalinity”), leiðni og pH var mælt með títrator, rafskauti og leiðnimæli á Raunvísindastofnun daginn eftir söfnun. Aðalefnin Si, Ca, Mg, Na, S og snefilefnin Al, Fe, Mn, Ti, og Sr voru greind með ICP-AES (Optical

Emission Spectroscopy with Inductively Coupled Plasma) tæki Raunvísindastofnunar. Sýrða sýnið sem safnað var á 1 lítra „high density” pólýethýlen flöskuuna í fyrri hluta rannsóknarinnar frá 22. október 1996 til og með 30. september 1997 og ætlað var til snefilefnagreininga á Hafrannsóknastofnun var á endanum sent til SGAB í Svíþjóð. Sýnum var hellt af 1 lítra flöskunum í 100 ml sýrupvegnaflöskur frá SGAB og þær sendar til Svíþjóðar þar sem þær voru fullsýrðar fyrir efnagreiningu. Frá og með 27. febrúar 1998 voru aðalefni og snefilefni mæld af SGAB í Svíþjóð með ICP-AES, ICP-MS (Mass Spectrometry with Inductively Coupled Plasma), og atóm ljómun; AF (Atomic Fluorescence). Notaðar voru tvær tegundir massagreina með plasmanu, svokallað ICP-QMS, þar sem „quadrupole” er notaður til að nema massa efnanna, og hins vegar ICP-SMS þar sem „a combination of a magnetic and an electrostatic sector” er notað til skilja að massa efnanna. Þegar styrkur efnanna var líftill var notast við ICP-SMS. Kalí (K) var greint með jónaskilju Raunvísindastofnunar í sýnum sem safnað var frá 22. október 1996 til og með 30. september 1997, en í sýnum sem safnað var eftir það með litgleypnimælingu (AA) á Orkustofnun þar sem styrkur K í sýnunum var oft undir næmi ICP efnagreiningraðferðanna (11 Tafla). Næringarsöltin  $\text{NO}_3$ ,  $\text{NO}_2$ ,  $\text{NH}_4$  og  $\text{PO}_4$ , heildarmagn af uppleystu lífrænu og ólífrænu nitri og fosfór,  $\text{N}_{\text{tot}}$  og  $\text{P}_{\text{tot}}$ , voru greind með sjálfvirkum litrófsmæli Raunvísindastofnunar („autoanalyzer”). Sýni til næringarsaltagreininga voru tekin úr frysti og látin standa við stofuhita nóttina fyrir efnagreiningu þannig að þau bráðnuðu að fullu. Sýni til mælinga á  $\text{P}_{\text{tot}}$  og  $\text{N}_{\text{tot}}$  voru geisluð í fjórar klukkustundir í orkuríku útfjólubláu ljósi Hafrannsóknastofnunar. Fyrir geislun voru settir 0,02 ml af fullsterku vetnisperoxíði í 20 millilítra af sýni. Þessi sýni voru greind innan tveggja daga eftir geislun. Flúor og klór var mælt með sérhæfðu rafskauti.

Sýnin til POC (lífrænum aurburði) mælinga sem tekin voru í sýrupvegnaflöskunum voru síuð í gengnum þar til gerðar glersíur. Glersíurnar og álpappír sem notaður var til þess að geyma síurnar í voru „brennd” við 450 °C í 4 klukkustundir fyrir síun. Síuhaldarar og vatnssprautur sem notaðar voru við síunina voru þvegnar í 4 klukkustundir í 1 N HCl. Allt vatn og aurburður sem var í aurburðarflöskunum var síað í gegnum glersíurnar og magn vatns mælt með því að vigta flöskurnar fyrir og eftir síun. Síurnar voru þurrkaðar í álumslögum við um 50 °C í einn sólarhring áður en þær voru sendar til Svíþjóðar til greiningar.

Sýni til brennisteinssamsætumælinga voru látin seytla í gegnum jónaskiptasúlur með sterku anjóna jónaskiptaresini. Sýnaflöskur voru vigtaðar fyrir og eftir jónaskipti til þess að hægt væri að leggja mat á heildarmagn brennisteins í jónaskiptaefni. Þegar allt sýnið hafði seytlað í gegn eftir rúmlega 12 tíma og loft komist í jónaskiptasúlurnar, var þeim lokað og þær sendar til Stokkhólms til samsætumælinga. Loftið var látið komast inn í súlurnar til þess að tryggja að nægt súrefni væri í þeim til að allur brennisteinn héldist á formi súlfats ( $\text{SO}_4$ ).



### Reikningar á efnaframburði

Árlegur framburður straumvatna,  $F$ , er reiknaður með eftirfarandi jöfnu eins og ráðlagt er í viðauka 2 við Oslóar- og Parísarsamþykktina (Oslo and Paris Commissions, 1995:

Implementation of the Joint Assessment and Monitoring Programme, Appendix 2, Principles of the Comprehensive Study on Riverine Inputs, bls. 22-27);

$$F = \frac{Q_r \sum_{i=1}^n (C_i Q_i)}{\sum_{i=1}^n Q_i} \quad (1).$$

Þar sem;

- $C_i$  er styrkur aurburðar eða uppleystra efna fyrir sýnið  $i$ .
- $Q_i$  er rennsli straumvatns þegar sýnið  $i$  var tekið.
- $Q_r$  er meðalrennslið fyrir söfnunartímabilið 1996 - 1998.
- $n$  er fjöldi sýna sem safnað var á tímabilinu.

### NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

Hér verður gerð nákvæm grein fyrir niðurstöðum mælinga og lagt mat á gæði þeirra.

#### Sýnataka og efnamælingar

Niðurstöður einstakra mælinga eru sýndar í Töflu 1 til 8 þ. e. ein tafla fyrir hvern sýnatökustað, enn fremur er gefið meðaltal mælinga, meðaltal úr rannsókninni 1972-1973 þar sem við á ((Halldór Ármannsson o.fl. 1973, Sigurjón Rist 1974, Sigurður R. Gíslason o.fl. 1996) og heimsmeðaltal (Meybeck 1979, 1982, Martin og Meybeck, 1979, Martin og Withfield, 1983). Í töflunum eru niðurstöður fyrir snefilefnagreiningar nokkurra sýna skáletraðar. Þetta eru sýni sem grunur leikur á að síun hafi ekki verið fullkomin, þ.e. agnir hafi komist í gegnum síu og síuhaldara, í sýnaflösku og þær síðan leysts upp þegar sýnið var sýrt. Kemur þetta þá skýrt fram í miklum styrk Fe, Al og Ti. Þetta á sérstaklega við um fyrri hluta tímabilsins þegar stór sýni voru tekin og notast var við gamla polýpróphýlen síuhaldara

Raunvísindastofnunar. Þessum sýnum er sleppt í meðaltali fyrir snefilefni. Í Töflu 10 er greint frá styrk snefilefnanna V, Be, Li, U, Sn og Sb sem voru mæld í nokkrum sýnum. Meðaltal fyrir alla söfnunarstaði er dregið saman í Töflu 10. Leiðni og pH vatns er hitastigsháð, þess vegna er getið um hitastig vatnsins þegar leiðni og pH voru mæld á rannsóknarstofu.

Reglulegar leiðnimælingar hófust ekki fyrr en í febrúar 1997. Styrkur uppleystra aðalefna er gefinn í milligrömmum í lítra vatns (mg/l), styrkur snefilefna sem míkrogrömm í lítra vatns (µg/l) og nanógrömmum í lítra vatns (ng/l). Basavirkni, skammstöfuð Alk. („Alkalinity”) í Töflu 1 til 8, er gefin upp sem „milliequivalent” í lítra vatns. Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis er gefið sem milligrömm CO<sub>2</sub> í hverjum lítra vatns í Töflu 1 og er reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu út frá mælingum á pH, hitastigi sem pH mælingin var gerð við, basavirkni, og styrk kísils.

$$\text{CO}_2 = 44010 \frac{\left( [\text{Alk}] - \frac{K_w}{[\text{H}^+]} - \frac{\text{Si}_T}{\left( \frac{[\text{H}^+]}{K_{\text{Si}}} + 1 \right)} + [\text{H}^+] \right)}{\left( \left( \frac{[\text{H}^+]}{K_1} + 1 + \frac{K_2}{[\text{H}^+]} \right) + 2 \left( \frac{[\text{H}^+]^2}{K_1 K_2} + \frac{[\text{H}^+]}{K_2} + 1 \right) \right)^{-1}} \quad (2).$$

K<sub>1</sub> er hitastigsháður kleyfnistuðull kolsýru (Plummer & Busenberg 1982), K<sub>2</sub> er hitastigsháður kleyfnistuðull bíkarbónats (Plummer & Busenberg 1982), K<sub>Si</sub> er hitastigsháður kleyfnistuðull kísilsýru (Stefán Arnórsson o.fl. 1982), K<sub>w</sub> er hitastigsháður kleyfnistuðull vatns (Sweeton o.fl. 1974) og Si<sub>T</sub> er mældur styrkur Si (Tafla 1). Allar styrktölur eru í mólum á lítra nema „alkalinity” sem er í equivalentum á lítra.

Heildarmagn uppleystra efna (TDS: „total dissolved solids”) er samanlagður styrkur uppleystra aðalefna í milligrömmum í lítra vatns (mg/l) reiknaður á eftirfarandi hátt;

$$\text{TDS} = \text{Na} + \text{K} + \text{Ca} + \text{Mg} + \text{SiO}_2 + \text{Cl} + \text{SO}_4 + \text{CO}_3 \quad (3).$$

Heildarmagn uppleysts ólífræns kolefnis sem gefið er í milligrömmum CO<sub>2</sub> í hverjum lítra vatns í Töflu 1 er umreiknað í karbónat (CO<sub>3</sub>) í jöfnu 3. Ástæðan fyrir þessu er að ef

heildarmagn uppleystra efna er mælt með því að láta ákveðið magn sýnis gufa upp, breytist uppleyst ólífrænt kolefni að lokum í karbónat áður en það fellur út sem kalsít ( $\text{CaCO}_3$ ). Meðalstyrkur aurburðar í árvatninu er gefin í milligrömmum í lítra (mg/l). Fyrir kom að ís, krapí, eða umferð tálmuðu aurburðarsýnatöku. Engin gildi eru sýnd fyrir þessi sýni í Töflum 1 til 8. Styrkur nitursambanda er gefin í míkrogrömmum af nitri (N) í lítra og á sama hátt er styrkur fosfórsambanda gefinn sem styrkur fosfórs (P) í míkrogrömmum í lítra.

Næmi efnagreiningaraðferða er sýnd í Töflu 11. Þegar styrkur efna mældist minni en næmi efnagreiningaraðferðarinnar er hann skráður sem minni en (<) næmið sem sýnt er í Töflu 11. Þessar tölur eru teknar með í meðaltalsreikninga, en meðaltalið er þá gefið upp sem minna en (<) tölugildi meðaltalsins.

Öll sýni eru tvímæld á Raunvísindastofnun. Meðalsamkvæmni milli mælinga er gefin í Töflu 2 sem hlutfallsleg skekkja milli mælinganna. Hún er breytileg milli mælinga og eftir styrk efnanna. Hún er hlutfallslega meiri fyrir lágan efnastyrkstyrk en háan. Styrkur næringarsalta er við greiningarmörk efnagreiningaraðferðanna. Af þessum sökum er skekkja mjög breytileg eftir styrk efnanna. Næmi og skekkja fyrir heildarmagn lífræns og ólífræns fosfórs og niturs,  $P_{\text{tot}}$  og  $N_{\text{tot}}$ , er lakari en fyrir aðrar næringasaltagreiningar (Tafla 2). Þetta stafar af meðhöndlun sýna og geislun í útfjólubláu ljósi fyrir efnagreiningu.

Styrkur Hg (kvikasilfurs), sem mældur var á Orkustofnun, í sýnum sem safnað var á 0,5 lítra glerflöskur frá 8. september 1997 og endað 27 febrúar 1998 er sýndur í töflu 14. Styrkurinn er sambærilegur við það sem mælt var af SGAB (Töflur 1 til 8), nema fyrir sýni úr einum leiðangri en þá mælist styrkurinn alltaf meiri úr glerflöskunum.

### **Hleðslujafnvægi og hlutfallsleg skekkja í mælingum**

Hægt er að leggja mat á gæði mælinga á aðalefnum eða hvort mælingar vanti á aðalefnum eða ráðandi efnasamböndum með því að skoða hleðslujafnvægi í lausn. Ef öll höfuðefni og ríkjandi efnasambönd eru greind og styrkur þeirra er réttur, er styrkur neikvætt hlaðinna efnasambanda og jákvætt hlaðinna efnasambanda jafn. Hleðslujafnvægið er reiknað með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Hleðslujafnv.} = \text{Katjónir} - \text{Anjónir} = \text{Na} + \text{K} + 2 \text{Ca} + 2 \text{Mg} - \text{Alk} - \text{Cl} - 2 \text{SO}_4 - \text{F} \quad (4)$$

og mismunur sem hlutfallsleg skekkja

$$\text{Mism.}\% = \frac{\text{Hleðslujafnv.}}{\left(\frac{(\text{Katjónir} + \text{Anjónir})}{2}\right)} 100 \quad (5)$$

Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar í Töflu 3. Styrkur neikvæðra hleðslna mælist nær alltaf aðeins meiri en þeirra jákvæðu. Þetta er þó mjög lítið, að meðaltali 2,3 %, og staðalfrávik 4,3 og verður að teljast gott þar sem skekkja milli mælinga er oftast yfir 3%.

### **Framburður straumvatnanna á Suðurlandi**

Framburður straumvatnanna er reiknaður með jöfnu 1. og er sýndur í Töflu 13.

Meðalrennsli á rannsóknartímabilinu ( $Q_p$ ) er gefið sem rúmmetrar á sekúndu ( $\text{m}^3/\text{sek}$ ) í öðrum dálki töflunnar. Þar sem styrkur uppleystra efna hefur í einhverju tilfelli eða tilfellum mælst minni en næmi aðferðarinnar, er meðalframburður á rannsóknartímabilinu gefin upp sem minni en (<) meðaltalið reiknað samkvæmt jöfnu 1. Aurburður og uppleyst efni eru reiknuð á sama hátt. Framburðurinn er til kominn vegna salta sem berast með loftstraumum og úrkomu á land, vegna efnahvarfarofs, vegna rotnunar lífræna leifa í jarðvegi og vötnum og vegna mengunar. Á þessu stigi er engin tilraun gerð til þess að greina framburðinn til uppruna.

### **ÞAKKARORÐ**

Eydís Salome Eiríksdóttir, Andri Stefánsson, Auður Andrésdóttir, Svanur Pálsson, Matthildur B. Stefánsdóttir og Óliver Hilmarsson hafa tekið þátt í þessum rannsóknum. Helgi Jensson ýtti þessu verki úr vör og hefur vakað yfir því haukfránum augum. Þessum aðilum viljum við þakka vel unnin störf.

## HEIMILDIR

- AMAP 1997. Arctic Pollution Issues: A State of the Arctic Environment Report. Arctic Monitoring and Assessment Programme, Oslo, Norway, 188 bls.
- Ario, J. 1985. Chemistry of cold groundwater in the Langjökull volcanic zone. Research report 8701. Nordic Volcanological Institute, Reykjavík, 26 bls.
- Bragi Árnason 1976. Groundwater systems in Iceland traced by deuterium. Vísindafélag Íslendinga, Rit 42, 236 bls.
- Driscoll, C. T., Baker, J. P., Bisogni, J.J., & Schofield, C.L. 1980. Effect of aluminium speciation on fish in dilute acidified waters. Nature 284, bls. 161-164.
- Guðmundur Kjartansson 1957. The eruption of Hekla 1947-1948. III, 1. Some secondary effects of the Hekla eruption. Soc. Scientiarum Islandica: 1-42, Reykjavík.
- Halldór Ármannsson 1970. Efnarannsókn á vatni Elliðaáanna og aðrennslis þeirra. Rannsóknarstofnun iðnaðarins, fjölrit nr. 26, 67. bls.
- Halldór Ármannsson 1971. Efnarannsókn á vatni Elliðaáanna og aðrennslis þeirra. II. tímabilið maí 1970 - janúar 1991. Rannsóknarstofnun iðnaðarins, fjölrit nr. 35, 56 bls.
- Halldór Ármannsson, Helgi R. Magnússon, Pétur Sigurðsson & Sigurjón Rist 1973. Efnarannsókn vatna. Vatnasvið Hvítár - Ölfusár; einnig Þjórsár við Urriðafoss: Orkustofnun, OS - RI, Reykjavík, 28 bls.
- Ingibjörg E. Björnsdóttir 1996. Metals and metal speciation in waste water from the Nesjavellir Geothermal Power plant, SW-Iceland and possible effects on Lake Thingvallavatn. Meistaraprófsritgerð við Chalmers University of Technology, Gautaborg, Svíþjóð, 62 bls.
- Jónanna M. Torlaciús, 1997. Heavy metals and persistent organic pollutants in air and precipitation in Iceland. Veðurstofa Íslands, Report, VÍ-G97034-TA02, Reykjavík, 20 bls. auk viðauka.
- Jón Ólafsson 1992. Chemical characteristics and trace elements of Thingvallavatn. Oikos 64. 151-161.
- Louvat, Pascale 1997. Étude Géochimique de L'Erosion Fluviale D'Iles Volcaniques Á L'Aide des Bilans D'Éments Majeurs et Traces. Óútgefin doktorsritgerð við Institute de Physique du Globe de Paris, Frakklandi, 322 bls.
- Martin, J.M., & Meybeck, M. 1979. Elemental mass-balance of material carried by world major rivers: Marine Chemistry, v. 7 bls. 173-206.

- Martin, J.M., & Whitfield, M. 1983. The significance of the river input of chemical elements to the ocean, Í Wong, S.S., ritstj., Trace Metals in Seawater, Proceedings of the NATO Advanced Research Institute on Trace Metals in Seawater, March 1981: Erice, Plenum Press, bls. 265-296.
- Meybeck, M. 1979. Concentrations des eaux fluviales en éléments majeurs et apports en solution aux océans: Rev. Geologie Dynamique et Géographie Physique 21. 215-246.
- Meybeck, M. 1982. Carbon, nitrogen, and phosphorus transport by world rivers: American Journal of Science 282. 401-450.
- Níels Óskarsson 1980. The interaction between volcanic gases and thephra; fluorine adhering to thephra of the 1970 Hekla eruption. Journal of Volcanology and Geothermal Research, 8. 251-266.
- Oslo and Paris Commissions 1995: Implementation of the Joint Assessment and Monitoring Programme, 68 bls.
- Plummer, N.L., & Busenberg, E. 1982. The solubility of calcite, aragonite and vaterite in CO<sub>2</sub>-H<sub>2</sub>O solutions between 0 and 90°C, and an evaluation of the aqueous model for the system CaCO<sub>3</sub>-CO<sub>2</sub>-H<sub>2</sub>O: Geochimica et Cosmochimica Acta 46, bls. 1011-1040.
- Sigurður R. Gíslason 1989. Kinetics of water-air interactions in rivers: A field study in Iceland. Water-Rock Interactions, Miles D.L. (ritstj.), Balkema, Rotterdam, bls. 263-266.
- Sigurður Reynir Gíslason 1990. Chemistry of precipitation on the Vatnajökull glacier and the chemical fractionation caused by the partial melting of snow. Jökull 40. bls. 97-117.
- Sigurður Reynir Gíslason 1993. Efnafræði úrkomu, jökla, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 63 (3-4), bls. 219-236.
- Sigurður R. Gíslason & Stefán Arnórsson 1988. Efnafræði árvatns á Íslandi og hraði efnarofs. Náttúrufræðingurinn 58. bls. 183-197.
- Sigurður R. Gíslason & Stefán Arnórsson 1990. Saturation state of natural waters in Iceland relative to primary and secondary minerals in basalts. Í: Fluid-Mineral Interactions: A Tribute to H.P. Eugster. R.J. Spencer & I-Ming Chou (ritstj.). Geochemical Society, Special Publication No. 2. bls. 373 - 393.
- Sigurður R. Gíslason & Stefán Arnórsson 1993. Dissolution of primary basaltic bls. minerals in natural waters: saturation state and kinetics. Chemical Geology 105. 117-135.

- Sigurður R. Gíslason, Auður Andrésdóttir, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Niels Óskarsson, Þorvaldur Þórðarson, Peter Torssander, Martin Novák & Karel Zák 1992. Local effects of volcanoes on the hydrosphere: Example from Hekla, southern Iceland. Í; Water-Rock Interaction, Kharaka, Y. K & Maest, A. S. (ritstj.). Balkema, Rotterdam, bls. 477-481.
- Sigurður R. Gíslason, Stefán Arnórsson & Halldór Ármannsson 1996. Chemical weathering of basalt in SW Iceland: Effects of runoff, age of rocks and vegetative/glaicial cover. American Journal of Science, 296, bls. 837-907
- Sigurjón Rist 1974. Efnarannsókn vatna. Vatnasvið Hvítár - Ölfusár; einnig Þjórsár við Urriðafoss: Reykjavík, Orkustofnun, OSV7405, 29 bls.
- Sigurjón Rist 1986. Efnarannsókn vatna. Borgarfjörður, einnig Elliðaár í Reykjavík: Reykjavík, Orkustofnun, OS-86070/VOD-03, 67 bls.
- Stefán Arnórsson & Auður Andrésdóttir 1995. Processes controlling the distribution of B and Cl in natural waters in Iceland: Geochimica et Cosmochimica Acta, v. 59, bls. 4125-4146.
- Stefán Arnórsson, Sven Sigurdsson & Hörður Svavarsson 1982. The chemistry of geothermal waters in Iceland. I. Calculation of aqueous speciations from 0° to 370 °C: Geochimica et Cosmochimica Acta 46, bls. 1513-1532.
- Stefán Arnórsson, Auður Andrésdóttir & Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1993. The distribution of Cl, B, dD and d18O in natural waters in the Southern Lowlands in Iceland. í Geofluids '93 (ritstj. J. Parnell, A.H. Ruffell & N.R. Moles). British Gas, bls. 313-318.
- Svanur Pálsson & Guðmundur H. Vigfússon 1996. Gagnasafn aurburðarmælinga 1963-1995, Orkustofnun OS-96032/VOD-05 B, 270 bls.
- Sweewton R. H., Mesmer R. E. & Baes C. R. Jr. 1974. Acidity measurements at elevated temperatures. VII. Dissociation of water. J. Soln. Chem. 3, nr. 3 bls. 191-214.
- Torssander, Peter 1986. Origin of volcanic sulfur in Iceland. A Sulfur Isotope Study. Útgefin doktorsritgerð. Meddelanden fran Stockholms Universites Geologiska Institution Nr. 268, Stokkhólmi, 164 bls.
- Veðráttan, 1958 til 1981. Veðurstofa Íslands, Reykjavík.

## TÖFLUR

Tafla 1 - 8. Efnasamsetning, rennsli og aurburður straumvatna á Suðurlandi.

Tafla 9. Meðalefnasamsetning straumvatna á Suðurlandi.

Tafla 10. Efnasamsetning straumvatna á Suðurlandi. Styrkur snefilefna sem greind voru í nokkrum sýnum.

Tafla 11. Næmi efnagreiningaraðferða og hlutfallsleg skekkja milli mælinga

Tafla 12. Jónajafnvægi og hlutfallsleg skekkja

Tafla 13. Framburður straumvatna á Suðurlandi

Tafla 14. Styrkur Hg, sem mældur var á Orkustofnun, í sýnum sem safnað var á 0,5 lítra glerflöskur frá 8. september 1997 og endað 27 febrúar 1998.



Tafla 1. Efnasamsetning Brúarár. Sýni tekin við Efstadal.

Sýni nr	Dagsetning	vafns- hiti °C	loft- hiti °C	Rennsli m <sup>3</sup> /sek	Leiðni µS/sm (Leiðni)	T °C	pH	T °C (pH)	SiO <sub>2</sub> mg/l	Na mg/l	K mg/l	Ca mg/l	Mg mg/l	Alk. meq/l	CO <sub>2</sub> mg/l	SO <sub>4</sub> mg/l	Cl mg/l	TDS mg/l	Aurb. mg/l	POC mg/l	DOC mg/l
96-H007	22.10.1996 18:00	2,8	4,0	37,2			8,84	21,5	13,39	6,56	0,238	2,87	0,53	0,347	15,11	1,4	4,13	49,7	19		
96-H013	26.11.1996 20:35	2,4	3,4	35,9	51,4	20,7	8,905	20,7	13,48	6,53	0,209	2,69	0,49	0,353	15,36	1,6	4,09	50,0	54		
96-H019	22.12.1996 16:15	2,6	0,0	34,9	50,7	21,2	8,44	21,2	13,50	6,71	0,299	2,68	0,48	0,343	15,13	2,1	3,82	50,3	13		
97-H007	23.1.1997 19:00	2,6	0,0	34,1			8,84	19,6	13,40	6,61	0,276	2,65	0,48	0,350	15,26	1,7	3,93	49,9	25		
97-H013	28.2.1997 16:00	1,4	-4,0	34,7	51,8	20,0	8,90	20,0	13,27	6,49	0,268	2,60	0,47	0,339	14,75	1,9	3,65	48,8	10		
97-H021	25.3.1997 18:00	2,7	1,4	34,7	51,6	19,7	9,17	19,7	13,16	6,76	0,279	2,68	0,50	0,337	14,51	2,1	4,13	49,4	9		
97-H027	24.4.1997 16:35	3,3	5,0	36,3	52,1	20,3	9,01	20,3	13,11	6,49	0,275	2,81	0,51	0,346	15,01	2,1	4,69	50,5	13		
97-H034	28.5.1997 19:00	3,5	7,7	39,0	51,0	22,0	8,89	22,0	12,96	6,43	0,280	2,78	0,53	0,331	14,36	2,2	3,85	48,6	14		
97-H042	25.6.1997 19:35	4,7	15,7	36,8	52,1	21,6	9,06	23,8	13,16	6,64	0,281	2,67	0,50	0,337	14,45	1,6	4,03	48,6	12		
97-H049	28.7.1997 17:50	4,2	15,5	36,6	53,4	24,1	9,14	24,1	13,02	6,62	0,310	2,71	0,49	0,339	14,48	1,5	4,00	48,4	74		
97-H056	8.9.1997 19:55	2,8	3,2	36,9	52,7	20,7	8,86	20,7	13,40	7,07	0,311	2,89	0,54	0,352	15,34	1,5	3,83	50,5	17		
97-H063	30.9.1997 19:40	2,8	3,3	37,8	52,3	20,3	8,77	20,3	13,01	6,41	0,320	2,75	0,55	0,335	14,64	1,5	4,00	48,5	5		
97-H070	6.11.1997 19:50	2,6	3,4	39,3			8,60	20,0	13,77	6,55	0,360	2,71	0,53	0,341	14,97	1,7	3,76	49,8	3		
97-H077	27.11.1997 19:00	2,9	6,8	37,0	51,2	21,3	8,82	21,3	13,84	6,52	0,360	2,64	0,50	0,340	14,78	1,7	3,73	49,5	9		
98-H007	3.1.1998 19:50	2,3	0,0	37,8	50,3	21,0	8,50	21,0	13,41	6,48	0,370	2,52	0,50	0,341	15,01	1,8	4,34	49,9	6		
98-H014	29.1.1998 18:00	2,4	0,5	37,8	49,9	20,1	8,56	20,1	13,67	6,58	0,350	2,52	0,49	0,334	14,67	1,7	4,44	49,8	15	0,841	
98-H021	27.2.1998 19:15	0,9	-10,0	36,7	51,0	19,5	8,60	19,5	13,06	7,08	0,350	2,70	0,49	0,332	14,59	2,0	4,66	50,2	5		0,3
98-H028	3.4.1998 18:05	3,4	5,5	36,6	51,8	21,3	8,81	21,3	12,70	6,93	0,365	2,65	0,49	0,320	13,93	1,4	4,60	48,1	5	0,065	<0,2
98-H036	29.4.1998 17:00	3,4	9,0	36,6	49,0	23,6	8,71	23,6	12,18	6,68	0,350	2,48	0,45	0,316	13,79	1,4	4,20	46,6	6	0,235	<0,2
98-H044	5.6.1998 17:30	4,6	8,6	34,7	49,7	22,1	8,83	22,1	12,80	7,29	0,340	2,58	0,44	0,337	14,67	1,3	3,19	48,0	8	0,081	<0,2
98-H055	26.6.1998 17:30	6,0	17,1	34,1	51,0	23,4	8,83	23,4	12,91	7,31	0,350	2,60	0,45	0,336	14,60	1,3	3,14	47,9	8	0,199	0,2
98-H063	23.7.1998 17:00	3,8	8,9	31,0	50,6	22,9	9,19	22,9	14,33	6,77	0,355	2,55	0,43	0,332	14,01	1,5	3,78	48,8	2	0,080	<0,2
98-H071	1.9.1998 17:15	3,9	10,6	35,3	51,2	20,0	8,91	20,0	14,31	6,93	0,340	2,74	0,52	0,336	14,55	1,5	4,01	50,2	11	0,136	<0,2
98-H079	6.10.1998 16:30	3,9	9,8	35,3	49,7	20,6	8,98	20,6	14,03	6,68	0,350	2,59	0,51	0,335	14,45	1,3	3,83	49,0	6	0,228	0,2
	<b>Meðaltal</b>	3,2	5,2	36,1	51,2		8,84		13,33	6,71	0,32	2,67	0,49	0,338	14,68	1,7	3,99	46,5	15	0,233	<0,21
	<b>Meðaltal 1972-1973</b>	3,3		41,2			8,77		14,6	7,45	0,36	2,46	0,45		12,33	3,73	4,02	50			
	<b>Heimsmeðaltal</b>								10,4	5,15	1,30	13,4	3,35		37,51	8,25	5,75	100			

Tafla 1. Efnasamsetning Bruárár. Síni tekni við Efstadal.

Sýni nr	Dagsetning	F	NO <sub>3</sub> -N	NO <sub>2</sub> -N	NH <sub>4</sub> -N	PO <sub>4</sub> -P	N <sub>tot</sub>	P <sub>tot</sub>	Al	Fe	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Hg	Mo	Ni	Pb	Ti	Zn
		µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l
96-H007	22.10.1996 18:00	61	23	<0,5	11	22		58,0	16	1,27	2,4	51	123	1	11	1540	108	<2	84	167	24	280	398	
96-H013	26.11.1996 20:35	65	57	0,8	18	23		57,7	9	0,39	2,2	53	118	4	<5	1510	<100	3	76	<50	35	240	307	
96-H019	22.12.1996 16:15	64	53	<0,5	11	26		66,4	15	1,40	2,2	21	231	41	10	1610	247	4	98	59	74	1020	1370	
97-H007	23.1.1997 19:00	61	57	0,4	13	44	67	61,8	11	0,62	2,2	18	119	18	6	1620	171	3	93	<50	34	322	323	
97-H013	28.2.1997 16:00	61	23	2,5	<3	29	25	57,0	7	0,51	2,1	41	93	2	<5	1530	<100	<2	73	<50	15	177	<200	
97-H021	25.3.1997 18:00	64	42	<0,5	15	15	15	60,2	12	0,57	2,3	50	105	2	7	1600	<100	2	70	189	44	239	<200	
97-H027	24.4.1997 16:35	63	28	0,6	<3	16	21	54,7	16	0,72	2,3	38	131	1	11	1530	111	<2	70	206	47	198	<200	
97-H034	28.5.1997 19:00	54	31	0,6	9	15	38	53,8	17	0,85	2,4	23	118	<1	9	1470	116	<2	60	88	26	185	<200	
97-H042	25.6.1997 19:35	43	8	0,6	74	32	96	57,0	10	0,33	2,3	24	61	1	6	1570	137	<2	70	189	16	284	224	
97-H049	28.7.1997 17:50	42	11	3,0	4	32	10	58,1	12	0,42	2,2	22	127	195	6	1590	110	<2	64	181	15	206	<200	
97-H056	8.9.1997 19:55	44	24	1,4	70	14	107	58,3	15	0,64	2,3	23	63	<1	7	1600	106	<2	66	180	12	209	<200	
97-H063	30.9.1997 19:40	42	46	1,1	0	17		55,1	18	0,88	2,5	18	82	6	11	1450	113	<2	62	83	20	204	207	
97-H070	6.11.1997 19:50	55	51	1,2	≤7	19		63,1	<20	0,58	2,2	<10	91	<1	9	1710	170	<2	112	550	19	236	198	
97-H077	27.11.1997 19:00	54	53	0,8	≤7	17		62,9	<20	0,59	2,0	78	67	<1	9	1620	90	<2	105	482	15	216	152	
98-H007	3.1.1998 19:50	55	57	0,9	9	20		66,0	20	0,70	2,1	95	88	<1	10	1700	166	<2	108	809	29	635	220	
98-H014	29.1.1998 18:00	56	77	≤0,56	≤7	35		65,1	<20	0,47	2,2	106	60	<1	<5	1630	142	<2	112	191	22	296	151	
98-H021	27.2.1998 19:15	54	53	1,0	≤7	19		58,3	10	0,44	2,4	<10	58	1	6	1490	155	<2	120	258	27	207	<200	
98-H028	3.4.1998 18:05	53	45	1,0	≤7	15		57,8	9	0,42	2,4	<10	58	1	<5	1400	217	<2	110	190	22	233	<200	
98-H036	29.4.1998 17:00	51	41	1,0	≤7	20		56,5	9	0,73	2,3	<10	56	2	9	1380	168	<2	108	204	17	271	<200	
98-H044	5.6.1998 17:30	55	41	1,2	≤7	21		63,9	13	0,41	2,2	<10	51	<1	6	1520	251	<2	114	175	16	598	<200	
98-H055	26.6.1998 17:30	55	39	0,8	≤7	21		60,9	9	0,32	2,2	<10	44	<1	<5	1480	156	3	121	237	35	234	<200	
98-H063	23.7.1998 17:00	54	38	0,6	≤7	20		56,5	9	0,25	1,9	<10	37	<1	<5	1600	127	<2	111	<50	12	191	<200	
98-H071	1.9.1998 17:15	55	45	1,9	≤7	20		55,0	6	0,87	2,3	<10	73	<1	10	1460	117	<2	117	99	16	323	<200	
98-H079	6.10.1998 16:30	57	46	0,0	≤3	20		60,9	26	0,93	2,3	<10	67	<1	11	1480	173	<2	106	82	13	492	132	
	<b>Meðaltal</b>	55	41	<1,0	<13	22	47	59,4	<14	0,64	2,2	<31	88	<12	<8	1545	144	<2,2	93	<201	25	312	<262	
	<b>Meðaltal 1972-1973</b>	46	39	0,83	27	12																		
	<b>Heimsmeðaltal</b>	100	100	0,91	16	10		50	40	8,2	60													10000

Tafla 2. Efnasamsetning Hvítárá. Sýni tekin við Brúarhlöð.

Sýni nr	Dagsetning	vatns- hiti °C	loft- hiti °C	Rennsl. m <sup>3</sup> /sek	Leiðni µS/sm (Leiðni)	T °C	pH	T °C (pH)	SiO <sub>2</sub> mg/l	Na mg/l	K mg/l	Ca mg/l	Mg mg/l	Alk. meq/l	CO <sub>2</sub> mg/l	SO <sub>4</sub> mg/l	Cl mg/l	TDS mg/l	Aurb. mg/l	POC mg/l	DOC mg/l
96-H005	22.10.1996 16:30	3,6	4,8	111		20,9	7,6	20,8	13,71	7,14	0,472	4,48	1,56	0,518	24,16	3,6	4,18	68,1	56		
96-H017	22.12.1996 0:00	0,0	0,0	77	74,2	20,9	7,19	20,9	14,04	8,05	0,517	4,76	1,48	0,560	28,43	3,9	3,65	75,1			
97-H005	23.1.1997 16:00	0,4	0,0	62		20,2	7,46	19,2	13,83	8,00	0,499	4,27	1,39	0,524	24,99	3,9	4,00	70,0	52		
97-H011	28.2.1997 14:00	0,0	-2,9	71	75,2	20,5	7,66	20,2	14,48	8,35	0,515	4,30	1,44	0,566	26,22	3,8	4,01	72,6	5		
97-H019	25.3.1997 16:15	1,1	3,0	64	70,3	20,3	7,67	20,5	12,18	7,85	0,526	3,66	1,25	0,440	20,35	3,6	5,26	62,1	38		
97-H025	24.4.1997 14:35	1,5	4,0	112	73,0	20,3	7,57	20,3	12,49	8,08	0,529	3,75	1,50	0,441	20,66	3,5	7,22	65,2	24		
97-H032	28.5.1997 17:15	4,2	7,8	314	40,4	21,7	7,44	21,7	7,09	4,03	0,398	2,21	0,87	0,240	11,46	2,4	3,03	35,7	245		
97-H040	25.6.1997 17:40	11,3	15,6	137	56,0	21,5	7,80	24,0	10,93	5,77	0,422	3,32	1,13	0,391	17,82	3,3	3,30	52,5	26		
97-H047	28.7.1997 15:40	11,2	17,2	154	52,8	23,9	7,82	23,9	9,41	5,35	0,380	3,29	1,00	0,374	17,02	2,2	2,85	47,7	80		
97-H054	8.9.1997 18:10	6,2	9,3	159	54,8	20,6	7,49	20,6	10,04	5,40	0,375	3,59	1,09	0,388	18,39	2,7	2,86	51,1	60		
97-H061	30.9.1997 17:30	3,9	4,8	177	60,4	20,1	7,50	20,1	11,18	5,61	0,416	3,64	1,15	0,415	19,65	2,7	3,29	54,8	92		
97-H068	6.11.1997 17:20	1,8	2,8	116	72,2	19,9	7,36	19,9	14,45	7,37	0,595	4,49	1,52	0,522	25,39	3,3	3,39	69,8	27		
97-H075	27.11.1997 17:10	3,1	6,6	104	72,9	21,1	7,54	21,1	14,78	7,67	0,640	4,27	1,56	0,567	26,66	3,6	3,41	72,3	18		
98-H005	3.1.1998 17:45	1,0	1,7	109	69,9	19,8	7,32	19,8	14,23	7,50	0,610	4,11	1,46	0,517	25,38	3,2	4,05	69,8	11	0,619	
98-H012	29.1.1998 16:10	0,2	0,9	110	65,0	20,3	7,33	20,3	12,06	7,16	0,505	3,87	1,26	0,445	21,78	2,9	4,71	62,2	21		
98-H019	27.2.1998 17:20	0,0	-9,6	72	80,9	19,0	7,42	19,0	14,20	9,49	0,620	4,75	1,50	0,537	25,83	4,0	5,82	75,6	0		<0,2
98-H026	3.4.1998 16:15	2,5	6,2	91	68,5	21,1	7,42	21,1	11,82	8,08	0,545	3,85	1,25	0,445	21,35	3,2	5,10	62,9	10	0,170	
98-H034	29.4.1998 14:55	3,5	10,1	112	57,4	23,7	7,26	23,7	10,02	6,53	0,500	3,25	1,05	0,386	19,12	2,3	4,12	53,8	12	0,269	0,2
98-H042	5.6.1998 15:10	8,2	10,6	106	60,7	21,9	7,46	21,9	11,37	7,00	0,515	3,62	1,13	0,427	20,32	3,1	2,93	57,3	13	0,158	0,2
98-H053	26.6.1998 15:55	10,6	17,1	157	50,0	23,3	7,21	23,3	8,82	5,44	0,445	3,38	1,03	0,355	17,84	2,6	2,02	48,0	332	0,813	0,2
98-H061	23.7.1998 14:45	7,7	8,4	112	56,5	21,7	7,69	21,7	10,91	5,90	0,455	3,70	1,06	0,410	18,91	2,8	2,73	53,3	29	0,162	<0,2
98-H069	1.9.1998 15:15	9,3	13,2	227	41,5	20,0	7,50	20,0	8,00	4,11	0,310	2,97	0,82	0,311	14,73	1,9	1,91	40,1	346	0,835	<0,2
98-H077	6.10.1998 14:40	7,4	10,5	105	65,5	20,3	7,73	20,3	12,75	6,97	0,540	4,33	1,35	0,485	22,30	3,7	2,95	63,0	51	0,604	0,2
	<b>Meðaltal</b>	4,3	6,2	124	62,8		7,50		11,86	6,82	0,49	3,82	1,25	0,446	21,25	3,1	3,77	56,3	70	0,454	<0,20
	<b>Meðaltal 1972-1973</b>	4,3		133			7,43		14	7,94	0,53	3,68	1,27		23,44	4,91	3,66	69			
	<b>Heimsmeðaltal</b>								10,4	5,15	1,30	13,4	3,35		37,51	8,25	5,75	100			

Tafla 2. Efnasamsetning Hvítár. Sýni tekinn við Brúarhlöð.

Sýni nr	Dagsetning	F µg/l	NO <sub>3</sub> -N µg/l	NO <sub>2</sub> -N µg/l	NH <sub>4</sub> -N µg/l	PO <sub>4</sub> -P µg/l	N <sub>tot</sub> µg/l	P <sub>tot</sub> µg/l	Al µg/l	Fe µg/l	Mn µg/l	Sr µg/l	As ng/l	Ba ng/l	Cd ng/l	Co ng/l	Cr ng/l	Cu ng/l	Hg ng/l	Mo ng/l	Ni ng/l	Pb ng/l	Ti ng/l	Zn ng/l
96-H005	22.10.1996 16:30	102	3	<0,5	9	35	26	40	31,3	8	8,21	4,7	67	101	<1	7	660	114	<2	294	<50	14	507	<200
96-H017	22.12.1996 0:00	104	33	0,5	6	23	13	9	25,6	11	1,79	4,9	60	158	4	16	573	210	3	236	210	26	616	383
97-H005	23.1.1997 16:00	106	61	<0,5	11	27	10	25	23,2	26	2,45	5,7	60	176	10	19	481	269	<2	235	209	48	980	673
97-H011	28.2.1997 14:00	107	20	<0,5	<3	26	81	19	7,0	6	2,30	3,2	60	105	16	19	220	244	10	92	104	16	283	2350
97-H019	25.3.1997 16:15	96	9	<0,5	63	13	33	20	18,5	5	0,66	3,9	58	51	2	7	376	149	<2	169	194	9	281	<200
97-H025	24.4.1997 14:35	94	4	<0,5	5	10	33	50	23,1	4	0,95	3,1	45	128	57	11	413	179	<2	164	210	20	413	<200
97-H032	28.5.1997 17:15	65	5	<0,5	50	3	33	20	15,8	2	1,69	3,4	55	35	3	14	415	145	<2	164	222	9	338	253
97-H040	25.6.1997 17:40	67	20	1,7	<3	33	7	22	12,5	2	3,07	4,2	59	37	4	22	399	207	<2	162	109	10	178	422
97-H047	28.7.1997 15:40	55	16	2,8	4	33	14	17	15,3	<20	2,59	4,6	22	77	<1	24	477	205	<2	300	576	12	353	360
97-H054	8.9.1997 18:10	59	10	2,0	5	7	17	17	11,7	<20	1,45	4,7	63	55	<1	15	490	218	<2	307	654	17	146	303
97-H061	30.9.1997 17:30	60	14	≤0,56		14	13	13	24,8	<20	2,56	4,6	96	119	7	27	590	443	<2	307	804	24	1940	1120
97-H068	6.11.1997 17:20	103	24	0,8	≤7	17	17	17	10,1	<20	1,48	3,7	45	58	3	11	577	199	<2	261	262	16	237	345
97-H075	27.11.1997 17:10	108	30	0,8	≤7	17	13	14	14,2	7	1,38	5,3	<10	64	2	11	533	199	<2	399	285	44	255	308
98-H005	3.1.1998 17:45	101	37	1,4	≤7	14	7	7	15,2	8	1,17	4,6	<10	63	2	9	462	303	<2	316	196	22	346	<200
98-H012	29.1.1998 16:10	81	58	1,5	≤7	13	16	16	9,9	1	0,98	3,9	<10	52	2	8	398	266	<2	270	223	15	68,4	<200
98-H019	27.2.1998 17:20	103	35	1,0	≤7	14	16	16	18,1	3	0,84	4,3	33	58	1	7	389	248	<2	299	234	17	274	<200
98-H026	3.4.1998 16:15	84	16	1,1	≤7	7	12	12	47,6	50	3,00	3,2	<10	75	1	41	378	554	3	200	287	21	4160	737
98-H034	29.4.1998 14:55	77	2	≤0,56	≤7	16	16	16	13,2	3	1,30	2,9	<10	16	10	10	428	176	<2	232	<50	8	247	<200
98-H042	5.6.1998 15:10	84	1	0,7	≤7	16	11	11	11,3	3	2,49	2,3	54	20	3	13	339	185	<2	136	<50	8	240	159
98-H053	26.6.1998 15:55	75	5	0,8	≤7	12	16	16	14,2	3	1,11	4,0	<10	34	<1	9	472	176	<2	275	118	10	188	112
98-H061	23.7.1998 14:45	79	1	0,6	≤7	16	17	17	16,5	<9	2,04	4,2	<45	75	<7	14	454	216	<2,4	243	<50	18	419	<200
98-H069	1.9.1998 15:15	58	6	1,4	≤7	11	10	10	50	40	8,2	60												
98-H077	6.10.1998 14:40	103	6	0,0	≤3	16	16	16																
	<b>Meðaltal</b>	86	18	<0,9	<11	17	42	23	16,5	<9	2,04	4,2	<45	75	<7	14	454	216	<2,4	243	<50	18	419	<200
	<b>Meðaltal 1972-1973</b>	96	16	0,74	32	10																		
	<b>Heimsmeðaltal</b>	100	100	0,91	16	10			50	40	8,2	60												10000

Skáletraðar tölur eru ekki teknar með í meðaltalsútreikninga.

Tafla 3. Efnasamsetning Sogsins. Sýni tekin við Þrastarlund.

Sýni nr	Dagsetning	vatns- hiti		loft- hiti	Rennsli. m <sup>3</sup> /sek	Leiðni µS/sm (Leiðni)	T °C	pH	T °C (pH)	SiO <sub>2</sub> mg/l	Na mg/l	K mg/l	Ca mg/l	Mg mg/l	Alk. meq/l	CO <sub>2</sub> mg/l	SO <sub>4</sub> mg/l	Cl mg/l	TDS mg/l	Aurb. mg/l	POC mg/l	DOC mg/l
		°C	°C																			
98-H029	3.4.1998 19:20	1,9	3,8	98	74,9	21,7	7,67	21,7	10,64	8,47	0,645	4,09	1,40	0,472	21,82	2,4	6,49	63,9	2	0,097	0,3	
98-H037	29.4.1998 18:05	4,3	8,0	96	74,3	23,9	7,47	23,9	12,08	8,60	0,655	4,11	1,40	0,483	22,90	2,5	6,41	66,9	3	0,240	0,2	
98-H045	5.6.1998 18:30	9,0	8,4	96	74,0	22,6	7,66	22,6	10,73	9,09	0,640	4,19	1,43	0,482	22,29	2,3	5,49	64,3	10	0,199	0,2	
98-H056	26.6.1998 18:30	10,8	17,4	96	73,6	23,8	7,76	23,8	10,60	8,97	0,630	4,13	1,41	0,479	21,92	2,5	5,32	63,4	5	0,340	0,3	
98-H064	23.7.1998 18:10	10,3	8,0	85	72,1	22,4	8,13	22,4	11,38	8,24	0,580	4,02	1,35	0,473	21,18	2,1	6,03	62,6	3	0,116	0,3	
98-H072	1.9.1998 19:00	9,6	11,2	117	71,1	20,0	7,76	20,0	11,87	8,35	0,447	4,12	1,43	0,472	21,64	2,1	6,17	64,0	10	0,319	0,2	
98-H080	6.10.1998 17:30	8,7	9,6	101	70,3	20,3	7,71	20,3	11,02	8,02	0,630	3,85	1,37	0,465	21,42	2,0	6,04	62,1	2	0,206	0,4	
	<b>Meðaltal</b>	7,8	9,5	98	72,9		7,74		11,19	8,53	0,604	4,07	1,40	0,475	21,88	2,3	5,99	59,8	5	0,217	0,27	
	<b>Meðaltal 1972-1973</b>	3,3		116			7,41		11,40	8,97	0,640	3,80	1,38		23,50	4,0	6,97	70,0				
	<b>Heimsmeðaltal</b>								10,40	5,15	1,300	13,40	3,35		37,51	8,3	5,75	100,0				

Tafla 3. Efnasamsetning Sogsins. Sýni tekin við Prastarlund.

Sýni nr	Dagsetning	F	NO <sub>3</sub> -N	NO <sub>2</sub> -N	NH <sub>4</sub> -N	PO <sub>4</sub> -P	N <sub>tot</sub>	P <sub>tot</sub>	Al	Fe	Mn	Sr	As	Ba	Cd	Co	Cr	Cu	Hg	Mo	Ni	Pb	Ti	Zn
		µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	µg/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l	ng/l
98-H029	3.4.1998 19:20	62	3	≤0,56	≤7	19			11,9	8	0,95	5,2	43	107	1	6	840	226	8	144	199	26	54	<200
98-H037	29.4.1998 18:05	62	1	≤0,56	≤7	10			12,3	7	1,17	5,2	77	124	5	7	854	228	<2	154	240	49	61	335
98-H045	5.6.1998 18:30	61	1	0,7	≤7	10			14,7	12	1,24	5,1	26	99	1	8	859	208	<2	143	250	19	61	231
98-H056	26.6.1998 18:30	62	1	≤0,56	≤7	8			18,4	14	0,94	4,9	11	110	3	10	860	252	2	151	249	71	434	463
98-H064	23.7.1998 18:10	63	1	0,3	≤7	8			15,1	10	0,68	4,4	<10	69	3	8	950	170	<2	122	<50	11	50	104
98-H072	1.9.1998 19:00	63	3	1,0	≤7	7			9,8	2	1,57	5,0	<10	149	3	16	827	225	<2	113	97	20	88	338
98-H080	6.10.1998 17:30	67	3	0,0	≤3	8			9,4	13	2,86	4,7	<10	114	<1	27	794	161	<2	110	82	10	69	245
	<b>Meðaltal</b>	63	2	<0,6	<6	10			13,1	9	1,34	4,9	<27	110	<2	12	855	210	<3	134	<167	29	117	<200
	<b>Meðaltal 1972-1973</b>	68	8	0,8	37	6																		
	<b>Heimsmeðaltal</b>	100	100	0,9	16	10			50,0	40	8,2	60,0												10000

Tafla 4. Efnasamsetning Tungufliðjóns. Sýni tekin við Faxa.

Sýni nr	Dagsetning	vafns- hiti °C	loft- hiti °C	Rennsli. m <sup>3</sup> /sek	Leiðni µS/sm (Leiðni)	T °C	pH	T °C (pH)	SiO <sub>2</sub> mg/l	Na mg/l	K mg/l	Ca mg/l	Mg mg/l	Alk. meq/l	CO <sub>2</sub> mg/l	SO <sub>4</sub> mg/l	Cl mg/l	TDS mg/l	Aurb. mg/l	POC mg/l	DOC mg/l
96-H006	22.10.1996 17:10	3,9	4,7	45,6		20,6	7,53	20,6	16,04	6,70	0,398	3,12	1,05	0,402	18,92	1,3	4,26	58,7	22		
96-H012	26.11.1996 19:10	2,4	3,0	37,0	48,1	20,7	7,915	20,7	15,76	6,04	0,359	2,37	0,65	0,335	15,13	1,2	3,71	50,7	112		
96-H018	22.12.1996 15:00	2,6	0,0	37,0	47,3	21,3	7,12	21,3	15,31	6,04	0,362	2,28	0,63	0,330	17,12	1,6	3,63	53,2	32		
97-H006	23.1.1997 17:30	2,6	0,0	37,0		19,5	7,66	19,5	15,34	5,97	0,370	2,31	0,64	0,312	14,44	1,5	3,56	49,4	40		
97-H012	28.2.1997 15:00	1,7	-3,4	37,9	53,0	20,0	7,52	20,0	15,68	6,50	0,429	2,64	0,81	0,388	18,30	1,7	3,86	56,6	16		
97-H020	25.3.1997 17:05	2,5	2,0	55,7	57,8	20,5	7,50	20,5	12,02	6,77	0,553	2,34	0,92	0,291	13,76	2,0	6,46	49,8	68		
97-H026	24.4.1997 15:30	4,6	6,1	40,0	54,3	20,3	7,63	20,3	15,37	6,37	0,460	2,79	0,91	0,373	17,32	1,9	4,61	56,0	15		
97-H033	28.5.1997 18:05	6,1	8,3	42,2	54,2	21,8	7,67	21,8	15,33	6,46	0,476	2,88	0,94	0,377	17,40	1,8	3,89	55,5	21		
97-H041	25.6.1997 18:30	10,8	15,6	39,6	52,6	21,6	8,12	24,0	15,85	7,08	0,444	2,62	0,79	0,364	16,21	1,3	4,04	54,3	13		
97-H048	28.7.1997 16:40	7,8	16,6	41,3	54,5	24,2	8,15	24,2	15,24	6,53	0,470	2,71	0,85	0,377	16,78	1,3	3,96	54,0	17		
97-H055	8.9.1997 18:55	6,2	8,4	44,8	55,4	20,8	8,08	20,8	15,42	6,53	0,481	2,75	0,98	0,382	17,09	1,4	3,98	54,8	2		
97-H062	30.9.1997 18:20	3,9	2,7	51,1	59,9	19,7	7,49	19,7	15,89	6,54	0,548	3,07	1,24	0,406	19,25	1,6	4,25	59,3	6		
97-H069	6.11.1997 18:40	2,8	3,9	47,4	58,5	20,1	7,32	20,1	16,99	6,67	0,560	3,02	1,14	0,409	20,06	1,6	3,66	61,0	8		
97-H076	27.11.1997 18:00	3,7	6,7	43,1	55,6	21,0	7,46	21,0	16,65	6,60	0,535	2,83	0,96	0,408	19,42	1,6	3,84	59,5	4		
98-H006	3.1.1998 18:30	2,7	1,0	43,9	55,1	20,5	7,15	20,5	16,70	6,54	0,550	2,84	1,01	0,377	19,39	1,4	4,42	59,9	16	0,659	
98-H013	29.1.1998 17:05	2,0	-0,5	40,5	53,9	20,0	7,28	20,0	16,45	6,62	0,525	2,68	0,88	0,374	18,53	1,5	4,45	58,4	17		
98-H020	27.2.1998 18:20	0,0	-9,4	44,8	56,4	18,5	7,27	18,5	15,89	7,14	0,540	2,92	0,94	0,383	19,08	1,6	4,97	60,0	19		
98-H027	3.4.1998 17:10	5,2	6,4	40,1	53,6	21,5	7,46	21,5	15,22	6,78	0,535	2,68	0,81	0,360	17,12	1,5	4,17	55,0	10	0,146	0,3
98-H035	29.4.1998 16:05	6,1	9,5	37,5	52,0	23,9	7,52	23,9	14,99	6,76	0,530	2,63	0,77	0,366	17,20	1,5	4,07	54,7	6	0,226	0,2
98-H043	5.6.1998 16:30	7,6	10,6	38,0	52,3	21,8	7,68	21,8	14,99	7,23	0,515	2,66	0,84	0,371	17,10	1,3	3,10	54,0	11	0,232	<0,2
98-H054	26.6.1998 16:30	11,1	18,4	36,4	52,2	23,4	7,92	23,4	15,22	8,33	0,520	2,64	0,77	0,371	16,73	1,0	3,15	54,5	8	0,187	0,2
98-H062	23.7.1998 16:05	5,7	8,6	38,0	50,9	21,9	8,00	21,9	16,56	6,53	0,510	2,59	0,76	0,360	16,15	1,2	3,62	53,8	1	0,123	0,2
98-H070	1.9.1998 16:15	7,0	12,8	46,6	50,4	20,0	7,59	20,0	15,89	6,22	0,480	2,68	0,97	0,361	16,85	1,3	3,53	54,0	28	0,486	0,2
